

L Ö G

um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á árinu 1968 er ríkisstjórninni heimilt að greiða fiskseljendum verðbót á línu-fisk, er komi til skipta á milli sjómanna og útgerðarmanna samkvæmt samningum um hlutaskipti. Verðbót þessi skal nema 30 aukum á hvert kíló fisks á tímabilinu 16. maí til 30. september, en 60 aukum á tímabilunum 1. janúar til 15. maí og 1. október til 31. desember.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða allt að 152 m.kr. til að tryggja rekstur hraðfrystihúsa á árinu 1968, þar af allt að 4 m.kr. til frystingar á rækju. Fé þetta skal skiptast á milli frystihúsanna í hlutfalli við framleiðslu þeirra á árinu 1968 af frystum fiskafurðum, öðrum en síldarafurðum. Seðlabanki Íslands skal sjá um úthlutunina í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

Þá er ríkisstjórninni heimilt að greiða á árinu 1968 25 m.kr. til hraðfrystihúsa í sambandi við endurskipulagningu hraðfrystiiðnaðarins. Seðlabanki Íslands úthlutar fé þessu til tiltekinna hraðfrystihúsa í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands og fulltrúa hraðfrystiiðnaðarins, að fengnu samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.

Gjört að Bessastöðum, 18. marz 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

27. marz 1968.

Nr. 14.

L Ö G

um breyting á siglingalögum, nr. 66 31. des. 1963.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

192. gr. orðist svo:

Sjótjónsframlag af hálfu farms ábyrgist eigandi hinna framlagsskyldu muna með þeim einum, en ekki með öðrum eignum.

2. gr.

6. málsg. 199. gr. orðist svo:

Eigandi farms eða muna, sem til farms hafa talizt, ábyrgist greiðslu björgunarlauna aðeins með þeim munum, sem björgun tekur til, en ekki með öðrum eignum.